

þ, 100 kr. sem styrkur handa Guðmundi Guðmundssyni frá Mýrum í Dýrafirði til að **89**  
kosta sig á búnaðarskólanum að Steini í Noregi. 24. júlí.

Um leið og jeg hjer með samþykki þessar tillögur, læt jeg fylgja ávísun á 220 kr. til þóknanlegrar ráðstafanar herra amtmannsins í þessu tilliti.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um* **90**  
hjó naskilnað. — Í þóknanlegu brjefi frá 19. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður 29. júlí.  
spurt, hvort vald það, er veitt var amtmönnum með tilsk. 21. desbr. 1831 I. 1. d. til að  
leyfa algjörðan hjónaskilnað fyrir hjón, sem lifað hafa aðskilin að borði og sæng eptir  
leyfisbrjefi amtsins um mínnst 3 ár, og bæði óska skilnaðarins, hafi verið skert með augl.  
22. febr. f. á. um verksvið landshöfðingja, þar sem 17. gr. mælir svo fyrir, að landshöfð-  
ingi skuli gefa út leyfisbrjef þau, sem nefnd eru í konungsúrskurði 25. maí 1844, 3., 4.  
og 5. til þess að ganga í nýtt hjónaband, undantekningar frá DL. 3—16—8, og leyfisbrjef  
til hjónaskilnaðar.

Fyrir þessa sök skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður, að þótt hin tilvitnuðu orð  
sjeu ekki alveg ljós, verð jeg að vera á því, að það hafi ekki verið tilgangur hins nefnda  
lagastáðar að breyta verksviði amtmanna, og að að eins myndugleiki sá til «ad mandatum» að  
gefa út leyfisbrjef til algjörðs hjónaskilnaðar, sem áður heyrði undir ráðgjafann eða kan-  
sellið, og getur um í 4. og 5. gr. konungsúrskurðar 25. maí 1844, nú hafi verið lagður  
undir landshöfðingja. Amtmennirnir verða því framvegis eins og hingað til að veita  
algjörðan hjónaskilnað, þegar bæði hjónin óskja hans eptir hinn lögboðna tíma. Ef þar  
á móti algjörðs hjónaskilnaðar er beiðzt að eins af því, að annað hjónanna hefir verið  
dæmt í hegningarvinnu í 3 ár eða lengur, eða ef annað hjónanna mótmælir skilnaðar-  
leyfinu, þó þau hafi verið skilin að borði og sæng í 3 ár eða lengur, ber að leyta til  
landshöfðingja um leyfið.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um hús-* **91**  
mennskuleyfi. — Í þóknanlegu brjefi frá 2. þ. m. meðtók jeg álit herra amtmanns- 5. ágúst.  
ins um bónarbrjef með 4 fylgiskjölum, þar sem Rögnvaldur Rögnvaldsson á Rauðará  
fer fram á, að hann megi taka sjer fasta dvöl hjer í bænum, þrátt fyrir það, að fátækra-  
stjórn bæjarins hafi synjað sjer um þetta. Hafið þjer getið þess að nefnd fátækra-  
stjórn, hafi á síðari árum verið mjög treg á að veita utanbæjarmönnum húsmennskuleyfi, og að  
hún hafi að yðar hyggju á stundum farið lengra í því tilliti en góðu hófi gegni, og ekki  
nægilega gætt hins náttúrulega rjettar, sem hver maður með óflekkad mannorð hefir til að  
leita sjer atvinnu þar sem hann vill, meðan hann verður ekki öðrum til þyngsla. Þó að þjer  
með úrskurði frá 29. apríl þ.á., eptir að beiðandanum, sem fengið hafði húsmennskuleyfi um eitt  
ár, hafði verið neitað um lengingu á þessu leyfi, hafið ekki fundið næga ástæðu til að ónýta þessa  
ákvörðun fátækra-  
stjórnarinnar, virðist yður samt, að hinar nýju skýringar sem komið hafi fram í  
málinu, gjöri það sennilegt, að gjört hafi verið of mikið úr því, hve óalitlegur efnahagur  
hlutaðeiganda væri. Þar að auki hafið þjer tekið fram, að það sje vafasamt, hvort það sje  
löglegt, eins og gjört hefir verið í þessu máli að binda húsmennskuleyfið við víst tímabil,  
og að sveitarstjórn varla samkvæmt tilskipun 26. maí 1863 geti vísað burt þeim manni,  
er hún einusinni hefði leyft að gjörast húsmaður.

Fyrir þessa sök skal yður, herra amtmaður, tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir